

# Könnun meðal fjármálastjóra - nóvember 2015

## Lítill skref

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Ráðgjafarsviðs Deloitte. Könnunin var sett á laggirnar að fyrirmynd Deloitte á alþjóðavísu og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári og er þetta í fjórða sinn sem könnunin er framkvæmd. Sendur var spurningalisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna og vonumst til áframhaldandi þátttöku og samstarfs.

Merkja má aukna bjartsýni varðandi efnahagsumhverfið í svörum fjármálastjóra en meiri varkárni gæti varðandi rekstrarumhverfi fyrirtækja. Aðspurðir telja um 83% fjármálastjóra að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum en fyrir einu ári síðan töldu um 57% fjármálastjóra von á auknum hagvexti. Bjartsýni ríkir um hlutabréfamarkaðinn og telja fjármálastjórar að Úrvalsvisitala Kauphallarinnar muni hækka nokkuð á næstu sex mánuðum.

Niðurstöður sýna að áfram er ákveðin óvissa í rekstrarumhverfi fyrirtækja og að fjárhagslegar horfur eru óbreyttar. Helstu ytri áhættuþættir í rekstri fyrirtækja sem voru nefndir eru áhrif kjarasamninga, vaxtastig og verðbólga. Í kjölfar síðustu vaxtahækkunar Seðlabankans í byrjun nóvember telja 97% fjármálastjóra styrivexti of háa. Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár. Fjármálastjórar telja almennt ekki góðan tíma nú til að auka áhættu í efnahagsreikningi. Þrátt fyrir að fjármálastjórar séu varkárir þá er gert ráð fyrir að hagnaður fyrirtækja muni aukast milli ára 2015 til 2016 og rúmlega helmingur fyrirtækja áætla að fjárfesta í varanlegum rekstrarfjárumunum.

Fyrirtæki sjá almennt ekki fram á mikil vaxtartækifæri miðað við svör um áherslur í rekstri og fjölgun starfsmanna. Svör um áherslur í rekstri hafa lítið breyst sl. 12 mánuði. Flest fyrirtæki munu áfram leggja áherslu á að lækka kostnað, stækka með innri vexti og minnka skuldsætingu. Rúmlega helmingur fyrirtækja gerir ekki ráð fyrir fjölgun starfsmanna en um 30% fyrirtækja gerir ráð fyrir lítilegri aukningu. Um helmingur fyrirtækja telur að vaxtartækifæri séu ekki að aukast en um 1/3 hluti fyrirtækja sér fram á aukinn vöxt.

Spurt var um áhrif afléttingu gjaldeyrishafta á rekstur fyrirtækja. Rúmlega helmingur fjármálastjóra telur að aflétting gjaldeyrishafta hefði jákvæð áhrif á rekstur en um 38% telur að það hefði engin áhrif og 7% fjármálastjóra telur að aflétting gjaldeyrishafta hefði neikvæð áhrif.

## Tengiliður:

Arni Jón Arnason  
Meðeigandi á Ráðgjafarsviði  
Sími: 580-3035  
aja@deloitte.is

## Ábyrgðarmaður:


Ágúst Heimir Ólafsson  
Sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs  
Sími: 580-3056  
aho@deloitte.is

Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte:  
[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)


Ráðgjafarsvið Deloitte veitir fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sérfræðingar leitast við að tryggja að lausnin skili árangri og skilji eftir verðmæta þekkingu hjá viðskiptavininum.

Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Ráðgjafarsviðs Deloitte, [www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

1. Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?



2. Hvaða áhrif myndi aflétting gjaldeyrishafta hafa á þitt fyrirtæki?




\* Merkja mátti við fleiri en einn valkost

# Fjármögnun fyrirtækja

Útgáfa nýs hlutfjár er talin hagkvæm fjármögnunarleið en ekki lántaka hjá bönkum.


Skiptar skoðanir eru um hagkvæmni skuldabréfaútgáfu sem fjármögnun.

3. Telur þú að útgáfa nýs hlutfjár sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




■ Já ■ Nei

4. Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




■ Já ■ Nei

5. Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



■ Já ■ Nei

6. Hvernig metur þitt fyrirtæki álag banka á grunnvexti vegna lánveitinga?




■ Of hátt álag ■ Álag í meðallagi


7. Hlutfall fjármálastjóra sem telja íslensk fyrirtæki of skuldsett

Íslensk fyrirtæki eru talin vera of skuldsett.

Skuldsetning fer minnkandi og færri fyrirtæki stefna nú að því að draga úr skuldsetningu en fyrir ári síðan.




8. Hver er líkleg þróun varðandi skuldsetningu fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?




9. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?

Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár.




10. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?



# Verðlagning á markaði

11. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMX18 vísitöluna eftir 6 mánuði?

Bjartsýni ríkir um hlutabréfa-markaðinn. Fjármálastjórar telja almennt að Úrvalsvisitalan muni hækka nokkuð á næstu 6 mánuðum.




Á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur visitalan hækkað um 41%.


12. Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa

Næstum allir fjármálastjórar telja að stýrivextir Seðlabankans séu of háir eftir síðustu stýrivaxtahækkun.

Meirihluti telur ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa eðlilega.




13. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa




14. Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi á næstu tveimur árum muni aukast

Aukin bjartsýni er um hagvaxtahorfur til næstu tveggja ára. Á einu ári hefur hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur muni aukast vaxið úr 57% í 83%.




15. Hvað telur þú að eigi við um verðmat á atvinnuhúsnæði?




# Staða fyrirtækja

Flest fyrirtæki gera ráð fyrir lítilllegri aukningu tekna og EBITDA á næstunni.

16. Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




17. Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.

18. Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?




19. Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?




Hlutfall þeirra fjármálastjóra sem telja að nú sé góður tími til að auka áhættu hefur hækkað úr 10% í 20%. Það er í samræmi við væntingar um aukinn hagvöxt.

20. Telur þú fjárhagslegar horfur fyrirtækis þíns hafa breyst á síðustu 3 mánuðum?




21. Hvaða breytingu áætlar þú á hagnaði íslenskra fyrirtækja frá 2015 til 2016?




Meirihluti fyrirtækja gerir ráð fyrir að hagnaður muni aukast á árinu 2016.

Fjárhagslegar horfur eru óbreyttar skv. mati fjármálastjóra.

22. Hvernig mun ráðning nýrra starfsmanna breytast á næstu 12 mánuðum?



23. Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?




Um helmingur fyrirtækja gerir ekki ráð fyrir fjölgun starfsmanna á næstunni en 30% gerir ráð fyrir lítilllegri aukningu starfsmanna.


# Um fyrirtækin

## 24. Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?


Flest svör fengust frá fyrirtækjum í þjónustu/ráðgjöf og smásölu/heildsölu



## 25. Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?




## 26. Hvert er hlutfall tekna í erlendri mynt af heildartekjum?




## 27. Hvernig metur þú vaxtartækifæri fyrirtækisins í dag í samanburði við fyrir 6 mánuðum síðan?

Um 1/3 fyrirtækja sér fram á aukin vaxtartækifæri. Um helmingur fyrirtækja telur að staðan sé svipuð og fyrir 6 mánuðum síðan.




## 28. Myndi skráning á First North markaðinn henta þínu fyrirtæki?



## 29. Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum? Merkja má við fleiri en einn valkost.

Flest fyrirtæki stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Einnig er áhersla lögð á að minnka skuldsetningu.

Áherslur nú eru næstum óbreyttar frá haustmánuðum 2014.



# Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2015 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.